

# ERINDISBRÉF FÉLAGSMÁLARÁÐS.

## Stjórnskipuleg staða.

Félagsmálaráð heyrir beint undir sveitarstjórn Húnaþings vestra. Félagsmálaráð sinnir lögbundnum verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga, jafnréttisnefndar, málefna fatlaðara, félagslegri heimaþjónustu, leyfisveitingum og eftirliti með dagmæðrum, félagslegum íbúðum og öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn kann að fela ráðinu.

Félagsmálastjóri starfar með ráðinu.

## Skipan félagsmálaráðs.

Í félagsmálaráði eiga sæti fimm fulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Kjörtímabil félagsmálaráðs er hið sama og sveitarstjórnar.

Auk kjörinna fulltrúa eiga félagsmálastjóri og sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Einnig er ráðinu heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Ráðið kýs formann, varaformann og ritara ráðsins á fyrsta fundi sínum, nema sveitarstjórn ákveði annað.

## Hlutverk.

Hlutverk félagsmálaráðs er:

- að fara með stjórn og framkvæmd lögbundinnar félagsþjónustu í sveitarfélaginu, þó ekki þeirra málaflokka sem öðrum er falið að sinna.
- að fara með lögbundin verkefni jafnréttisnefndar.
- að fara með lögbundin verkefni húsnæðisnefndar.
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og úrbætur í félagsþjónustu sveitarfélagsins og öðrum þeim verkefnum er undir nefndina heyrir.
- að vinna tillögur að reglum um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustunnar.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna að félagsþjónustu og fylgjast með því að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.
  - að taka til umfjöllunar og afgreiðslu tillögur forstöðumanna til gerðar fjárhagsáætlunar um þá málaflokka er falla undir verksvið ráðsins. Félagsmálaráð hefur jafnframt eftirlit með því að fjárhagsáætlun sé haldin.
- að starfa með félagsmálastjóra.
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar varðandi félagsþjónustu.

## Starfshættir.

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Félagsmálaráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Ráðið skal halda gerðabók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Félagsmálaráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu, og skal það þá gert í samræmi við 31. gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Ritari kemur fundargerð til skrifstofu sveitarfélagsins, þar sem endanleg ritvinnsla fer fram og sér starfsfólk skrifstofu um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Fundarmenn fá sent afrit af fundargerðinni.

Trúnaðarmál skal færa til bókar í sérstaka fundagerðabók og eru afgreiðslur sem þar eru skráðar endanlegar og ekki sendar sveitarstjórn til staðfestingar. Trúnaðarbókina skal félagsmálastjóri varðveita á tryggum stað.

Félagsmálastjóri sér um boðun funda í samráði við formann. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundinum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Formaður félagsmálaráðs stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

### **Eftirfylgni.**

Formaður félagsmálaráðs og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktá ráðsins.

### **Réttindi og skyldur nefndarmanna.**

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði þeirra laga er nefndin starfar eftir, sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Nefndarmanni er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til félagsmálastjóra a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í félagsmálaráði.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu um mál, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og eiga að fara leynt skv. lögum, eðli máls eða samþykki 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal kynna sér vandlega lagareglur um vanhæfi. Nefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræður og afgreiðslu málsins.

### **Starfsmannamál.**

Félagsmálaráð fjallar um umsóknir vegna ráðningar félagsmálastjóra og forstöðumanna stofnana sem heyra undir félagsmálaráð og gerir rökstudda tillögu til sveitarstjórnar um ráðningu. Ákvörðun um ráðningu tekur sveitarstjórn.

### **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið þess heyra.

Þá skal félagsmálaráð fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra eins og hún er hverju sinni.

Staðfest af sveitarstjórn Húnaþings vestra 18. janúar 2007.